

Útskrift

8. júní

úr gjörðabók Vesturamtsins 1905.

Ár 1905, þriðjudaginn 6. dag júnímánaðar var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur í Stykkishólmi af forseta þess, sýslumanni Lárusi H. Bjarnason ásamt amtsráðsmönnum: Jóhanni prófasti Þorsteinssyni í Stafholti (úr Mýrasýslu), Sæmundi kaupmanni Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), Birni sýslumanni Bjarnarson á Sauðafelli (úr Dalasýslu), Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni á Hergilsey (úr Austurbarðastrandarsýslu), Þorvaldi presti Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðastrandarsýslu) og Janusi prófasti Jónssyni í Holti (úr Vesturísafjarðarsýslu). Úr Norðurísafjarðarsýslu og Strandasýslu mætti enginn, en aðalamtsráðsmennirnir þar og varaamtsráðsmaðurinn úr Strandasýslu höfðu boðað forföll.

Eptirfarandi mál voru rædd á fundinum.

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins 1904, og var hann falinn amtsráðsmönnum Mýra- og Dalasýslu til endurskoðunar.
2. Þá var framlagður búnaðarskólasjóðsreikningur Vesturamtsins 1904 og búnaðarsjóðsreikningur amtsins s. á., og voru þeir reikningar fengnir amtsráðsmönnum úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Austurbarðastrandarsýslu til athugunar.
3. Loks var framlagður reikningur amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1904, og var hann fenginn amtsráðsmönnum úr Vesturbarðastrandarsýslu og Vesturísafjarðarsýslu til skoðunar.
4. Forseti skýrði frá, að styrktarsjóðurinn »Þorvaldarminning« hefði átt 5480 kr. 85 auro í Söfnunarsjóði 31. Desember f. á.
5. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, er amtsráðið hafði lagt á sýslureikningana 1903.

Úrskurðunum á sýslusjóðsreikningi Dalasýslu hefir verið fullnægt að öðru leyti en því, að sýslusjóði hafa enn eigi verið greiddar þær 348 kr., er dánarbú Sigurðar Sverrisson sýslumanns skuldar sjóðnum. Sýslunefndin gangi tafarlaust eptir nefndri skuld. Þá var og úrskurði amtsráðsins á sýsluvegasjóðsreikningi Dalasýslu s. á., um að innheimta bæri 2 kr. 50 a. eptirstöðvar hjá Skarðstrandarhreppi frá 1902, enn ófullnægt, og skyldi gengið eptir þeim þegar í stað.

Útaf úrskurði amtsráðsins á sýsluvegasjóðsreikningi Strandasýslu ályktaði amtsráðið, að brýna enn einu sinni fyrir sýslunefnd og sýslumanni, að innheimta beri, samkvæmt lögum nr. 8 13. apríl 1894, 11. gr., sýsluvegagjald hreppanna í peningum, en ekki megi með nokkru móti leyfa hreppunum að vinna það af sjer. Að öðru leyti þótti úrskurðunum á reikninginum eptir atvikum fullnægt.

Þá var úrskurðuð 8. gr. athugasemdanna á sýslusjóðsreikningnum úr **80**
Dalasýslu 1901, útaf vantandi heimild fyrir 1159 kr. 18 a. úr sýslusjóði til **8. júní**
Laxárbrúarinnar, á þá leið, að við svo búið skyldi standa, enda hafði sýslu-
nefndin í Dalasýslu samþykkt nefnda greiðslu á aukafundi 15. ágúst f. á

Jafnframt var lagður fram lokareikningur Laxárbrúarinnar með fylgi-
skjölum, og var hann fenginn amtsráðsmönnum úr Mýrasýslu- og Vesturbarða-
strandarsýslu til athugunar.

6. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1904 úr öllum sýslufjelögum amtsins, endurskoðaða í hjeradi og yfirfarna af forseta. Reikningunum var skipt milli amtsráðsmannanna til yfirskoðunar.
7. Þá lagði forseti fram útskriftir úr gjörðabókum allra sýslunefnda, er hann hafði yfirfarið

1. úr Mýrasýslu:

- a. af aukafundi 21. júlí 1904
- b. af aðalfundi 1. maí 1905

2. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:
af aðalfundi 17. apríl 1905

3. úr Dalasýslu:

- a. af aukafundi 15. ágúst 1904
- b. af aukafundi 28. desbr. s. á.
- c. af aðalfundi 3. apríl 1905

4. úr Austurbarðastrandarsýslu:
af aðalfundi 5. maí 1905

5. úr Vesturbarðastrandarsýslu:
af aðalfundi 12. apríl 1905.

6. úr Vesturísafjarðarsýslu:
af aðalfundi 22. febrúar 1905

7. úr Norðurísafjarðarsýslu:
af aðalfundi 3. apríl 1905

8. úr Strandarsýslu:
af aðalfundi 6. marz 1905.

Amtsráðið athugaði útaf aðalfundargjörðunum úr Mýrasýslu að sýslu-
nefndin hefði eigi leitað samþykkis amtsráðsins til þess að leggja niður lög-
ferjuna í Munadarnesi, svo sem gjöra hefði átt samkvæmt fyrsta lið í 39. gr.
sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872, og að ekki væri getið um
það í fundargjörðunum, að fódurbirgðaskýrslurnar hefðu verið lagðar fram á
fundinum, svo sem gjöra bæri, samkvæmt lögum nr. 7 frá 9. febrúar 1900, 6. gr.

Viðvíkjandi aðalfundargjörðunum úr Dalasýslu var athugað, að ekki
mætti skulda sýslusjóð fyrir bandi stjórnartíðinda hreppstjóra, sbr. 47. gr.

80
8. júní

hreppstjórareglugjörðarinnar 29. apríl 1880 og auglýsingu í Stjt. 1897 B. bls. 282.

Útaf sýslufundargjörðunum úr Austurbarðastrandarsýslu var athugað, að ekki sæist á fundargjörðunum, að fóðurbirgðaskýrslur hefðu verið lagðar fram á fundinum, og að ekki ætti að gjöra í einu lagi áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs, með því að reikningshald sjóðanna ætti að vera í tvennu lagi.

Útaf sýslufundargjörðunum úr Vesturbarðastrandarsýslu var athugað, að sýslunefndin ætti sjálf að ráðstafa sýsluvegafje sínu en ekki fela oddvita sínum ráðstöfun þess.

8. Forseti lagði fram fyrirskipaðar skýrslur um hag alþýðustyrktarsjóðanna 1904 úr öllum sýslufjelögum amtsins nema Austur- og Vesturbarðastrandarsýslu, og fól ráðið forseta sínum að ganga eftir skýrslum þessum. Að öðru leyti athugaði amtsráðið, útaf skýrslunni úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað, að eigi beri að taka innheimtulaun af leyfisbrjefagjaldi lausafólks til alþýðustyrktarsjóðs, sbr. 2. gr. laga nr. 30 frá 18. des. 1897, og að eptirlit með alþýðustyrktarsjóðum kaupstaðanna heyrði nú, eptir 3. gr. nefndra laga, sbr. tilskipun 23. ágúst f. á., undir stjórnarráðið. Loks athugaði amtsráðið, að eptirstöðvar alþýðustyrktarsjóðanna í Dalasýslu og Strandasýslu í ársbyrjun 1904 kæmi hvergi heim við eptirstöðvar sjóðanna í árslok 1903, og fól jafnframt forseta sínum að ganga eftir skýrslu reikningshaldara um það, hvernig á þessu stæði.
9. Þá var framlagt brjef J. Havsteen amtsmanns til amtsráðsins, dagsett 24. septbr. 1904 með 4 fylgiskjölum, útaf 7. lið fundargjörða amtsráðsins 1904, Stjt. 1904 B. bls. 263.
10. Þá var framlagt frumvarp til reglugjörðar fyrir Vesturbarðastrandarsýslu um eyðing refa, fjallskil, rjettarhöld o. fl.

Amtsráðið litur svo á, að 9. gr. frumvarpsins komi tæplega heim við 1. gr. laga nr. 36 frá 24. nóvbr. 1893, að 19. gr. frumvarpsins komi vel nærri 50. gr. stjórnarskrárinnar, að ákvæði 34. gr. sbr. 33. gr. um að »rjettarstjóri« skuli selja ómerkinga o. s. frv. komi í bága við löggjöfina um opinber uppboðshöld og að lágmark sektarinnar eptir 45. gr. komi í bága við 2. gr. laga nr. 11 frá 22. marz 1890. Með þessum athugasemdum ákvað amtsráðið að endursenda frumvarpið.

11. Þá var framlagt brjef frá Búnaðarfjelagi Íslands, dags. 6. f. m. um breytingar á fulltrúakosningum til búnaðarpingsins.

Amtsráðið kaus prófastana Janus Jónsson og Jóhann Þorsteinsson og Lárus sýslumann H. Bjarnason til að athuga málið.

12. Þá var framlagt brjef sýslumannsins í Mýrasýslu, dags. 2. maí 1905 um samþykki amtsráðs til 1 kr. hækkunar fyrir hvern verkfæran mann á sýsluvegagjaldi þar yfirstandandi ár, og brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalasýslu, dags. 17. s. m., um 75 aura hækkun á sýsluvegagjaldinu þar í ár. Amtsráðið samþykkti þetta.

13. Þá var framlagt brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar, dags 17. f. m., um samþykki til 1000 krónu lántöku fyrir sýslusjóð, til brúargjörðar á Fossá í Neshreppi innan Ennis. Amtsráðið samþykkti lántökuna. **80**
8. júní
14. Framlagt brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags 8. apríl þ. á., um samþykki til þeirrar ályktunar sýslunefndar, að sýslusjóður leggi til sýsluvega 695 kr. 10 aura, og var það veitt.
15. Þá var framlagt brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags 8. apríl þ. á. um samþykki til þeirra ályktana sýslunefndarinnar, að sýsluvegurinn frá Knararhöfn um neðri byggðina út undir Staðarfell skuli hjeðan af liggja um efri byggðina, að sýsluvegurinn, sem legið hefir um Nýpurtún í Skarðsstrandarhreppi, skuli fyrst um sinn liggja fyrir ofan túnið á Nýp, að sýsluvegurinn, sem legið hefir meðfram túninu á Mjóabóli í Haukadalshreppi vestanvert við Haukadalsá, skuli eptirleiðis liggja austan árinna. Amtsráðið samþykkti þetta.
16. Þá var framlagt frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir hreppana í Vesturbarðastrandarsýslu. Amtsráðið telur það borgaralega kvöð að taka við kosningu í heilbrigðisnefndir, sem ekki verði greidd borgun fyrir úr opinberum sjóði án lagaheimildar, sbr. sem dæmi lög nr. 30, 11. desbr. 1891, en í 30. gr. frumvarpsins er svo ákveðið að kaup fyrir starfann greiðist úr sýslusjóði. Amtsráðið gat því ekki orðið við tilmælum sýslunefndarinnar um að staðfesta frumvarpið.
17. Sýslunefndin í Strandasýslu leitaði samþykkis amtsráðsins til þess að vikja frá 17. gr. fjallskilareglugjörðarinnar, að því leyti, að rjetta mætti í Bæjarhreppi næstkomandi haust samdægurs og leitað er, í staðinn fyrir daginn eptir. Amtsráðið þóttist ekki geta orðið við tilmælum nefndarinnar, þar sem engar ástæður höfðu verið bornar fram fyrir breytingunni, en mótmælum hreyft gegn henni á amtsráðsfundinum.
18. Útaf ályktun sýslunefndarinnar í Austurbarðastrandarsýslu á aðalfundi 6. f. m., að taka veginn norður yfir Tröllatunguheiði upp úr Geiradal norður til sýslumóta í tölu sýsluvega, höfðu amtráðinu borizt skrifleg mótmæli margra manna í 4 nærliggjandi hreppum. Ályktunin hafði verið samþykkt í sýslunefndinni með 3 atkvæðum gegn 2, en nefnd mótmælabrjef ekki legið fyrir nefndinni, enda ákvað amtsráðið, að leita umsagnar sýslunefndarinnar um brjefin, áður en það staðfesti ályktun nefndarinnar.
Fundu frestað til morguns.
Miðvikudaginn 7. s. m. var fundu haldið áfram.
19. Þá voru aptur framlagðir: búnaðarskólalagjaldsreikningur Vesturamtsins 1904, búnaðarsjóðsreikningur Vesturamtsins 1904 og reikningur amtsbókasafnsins í Stykkishólmi s. á. og höfðu endurskoðendur ekkert við þá að athuga, enda voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
20. Þá voru aptur lagðir fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1904 úr öllum sýslufjelögum í amtinu og úrskurðaðir svo:

80
8. júní

A. úr Mýrasýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn.
Áætlun yfir tekjur og gjöld sýslusjóðs reikningsárið fylgi reikninginum framvegis.
- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Athugað var, að betur færi á að endurskoðari í hjeraði riti vottorð um endurskoðun á reikningana sjálfa.

B. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn.
- b. sýsluvegasjóðsreikningurinn.
Báðir reikningarnir voru samþykktir athugasemdalaust.

C. úr Dalasýslu:

- a. sýslusjóðsreikningurinn.

1. gr.

Reikningshaldari hafði innheimt 2 kr. 51 eyri meira en sýslunefndin hafði ákveðið að jafna niður á hreppana.

Amtsráðið ályktaði, að við svobúið mætti standa.

2. gr.

Reikningshaldari hafði skipt niður á ábúðar- og lausafjórðungi í hreppunum 2174 kr. 7 a. í stað 2174 kr. 34 a., og á verkfæra menn 1087 kr. 44 a., í stað 1087 kr. 17 a., og vantalið verkfæra menn um 1.

Amtsráðið ályktaði, að við svo búið mætti standa.

3. gr.

Reikningshaldari hafði í gjaldlið 1 ofbargað 8 kr. 4 a., hafði borgað 50 kr. 69 a., í stað 42 kr. 65 a.

Amtsráðið ályktaði, að greiða bæri nefndar 8 kr. 04 a. í sýslusjóð.

4. gr.

Reikningshaldari hafði oftalið 4. gjaldlið um 10 kr.

Amtsráðið ályktaði, að gjalda skuli nefnda upphæð sýslusjóði.

5. gr.

Gjaldlið 9 fylgdi ekki kvittun.

Amtsráðið ályktaði, að senda skuli kvittanina.

6. gr.

Amtsráðið ályktaði, útaf gjaldlið 12, að skora á sýslunefndina að ganga eptir því, að farið verði nákvæmlega eptir reglugjörð sýslunnar um lækning hunda, frá 1. maí 1899, Stj.tíð. 1899 B. bls. 77—79.

7. gr.

80

8. júní

Amtsráðið ályktaði að 1 kr. væri vangoldin eptir fylgiskjali 28 við gjaldlið 19.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn:

1. gr.

Reikningshaldari innheimti hjá Skarðstrandarhreppi 2 kr. 50 a., samkvæmt úrskurði amtsráðsins 1904 á sýsluvegasjóðsreikninginum 1903.

2. gr.

Reikningshaldari hafði greitt 45 kr. meira en áætlað var til vegagjörðar í Saurbæjarhreppi, en amtsráðið ályktaði, að við svo búið mætti standa.

3. gr.

Út af 6. gjaldlið var úrskurðað, að senda beri kvittun fyrir þar nefndum 200 kr.

4. gr.

Loks var úrskurðað, að telja bæri gjalda megin á næsta reikningi 10 aura, sem eru oftaldir í 1. tekjulið á reikninginum f. á.

D. úr Austurbarðastrandarsýslu.

a. sýslusjóðsreikningurinn.

1. gr.

Reikningshaldara ber að senda skýrslu um niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins á hreppana.

2. gr.

Reikningshaldari sendi vottorð stjórnar sparisjóðsins á Patreksfirði um innstæðu sýslusjóðs í sparisjóðnum.

3. gr.

Reikningshaldari hafði greitt 107 kr. 50 a. úr sýslusjóði fyrir sóttvarnir.

Amtsráðið ályktaði, samkvæmt 13. gr. laga nr. 2, 31. janúar 1896, að endurgreiða beri sýslusjóði 7 kr. 50 a., sem ofborgaðar.

4. gr.

Amtsráðið ályktaði, að innheimta skyldi tafarlaust 33 kr. 71 e. eptirstöðvar hjá Flateyjarhreppi og 32 kr. 69 a. eptirstöðvar hjá Múlahreppi.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn var úrskurðaður rjettur án athugasemda.

E. úr Vesturbarðastrandarsýslu.

a. sýslusjóðsreikningurinn:

1. gr.

Reikningshaldari hafði oftalið lausafjórðungi í Dalahreppi um 1 hndr. Amtsráðið ályktaði, að við svobúið mætti standa.

2. gr.

Reikningshaldara ber að láta áætlun yfir tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir reikningsárið fylgja reikninginum.

3. gr.

Amtsráðið ályktaði, útaf aðfinningum endurskoðara í hjeradi við sjúkrahúshaldið á Patreksfirði, að eptir atvikum mætti við svobúið standa.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Amtsráðið ályktaði, að ganga beri tafarlaust eptir 70 kr. eptirstöðvum hjá Dalahreppi.

F. úr Vesturísafjarðarsýslu.

a. sýslusjóðsreikningurinn.

Reikningshaldari telur sóttvarnarkostnað 100 kr. en hjeradslæknir kvittar fyrir »meira en 100 kr.«, án þess að frekari grein sje gjörð fyrir greiðslunni.

Amtsráðið ályktaði, eptir framkomnum upplýsingum á fundinum, að við svo búíð mætti standa.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn var úrskurðaður athugasemdalaust.

G. úr Norðurísafjarðarsýslu.

a. sýslusjóðsreikningurinn:

1. gr.

Amtsráðið ályktaði, að ganga skyldi eptir 39 kr. 14 a. eptirstöðvum hjá Grunnavíkurhreppi.

2. gr.

Útaf athugasemd endurskoðara í hjeradi við 8. gjaldlið var úrskurðað, að við svo búíð mætti standa.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Amtsráðið athugaði, útaf gjaldlið 2, 4 og 8, að samkvæmt 18. gr.

laga nr. 8 frá 13. apríl 1894 sje ekki heimilt að leggja meira úr sýsluvegasjóði til hreppavega en helming á móts við hreppavegagjaldið, en úrskurðaði jafnframt, að við svo búið mætti standa. **80** 8. júní

H. úr Strandasýslu.

a. sýslusjóðsreikningurinn.

1. gr.

Reikningshaldari hafði lagt 918 kr. 41 e., í stað 919 kr. 31 e., af sýslusjóðsgjaldinu á ábúðar- og lausafjórðungi í sýslunni og 460 kr. 55 a., í stað 459 kr. 65 a., á verkfæra menn.

Amtsráðið ályktaði, að þetta mætti standa við svo búið.

2. gr.

Amtsráðið úrskurðaði, að 5. gjaldliður sje vantalinur um 70 a. og að kvittun beri að senda fyrir 62 kr. 70 a. greiðslu samkvæmt sama lið.

3. gr.

Amtsráðið úrskurðaði, samkvæmt 1. gr. laga nr. 36 frá 24. nóvbr. 1893, að 11. gjaldliður sje oftalinur og að endurgreiða skuli sýslusjóði þar taldar 20 kr.

4. gr.

Áætlun yfir tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir reikningsárið á að fylgja reikninginum.

b. sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Tekjuliður 3, 4. liður er oftalinur um 13 a., en amtsráðið ályktaði, að við svo búið mætti standa.

Jafnframt athugaði amtsráðið, að þar til gefnu tilefni í reikningunum úr Dalasýslu, Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu, að laun yfirsetukvenna ættu að teljast fyrir almanaksárið, en ekki fyrir fardagaárið.

Þá brýnir amtsráðið það fyrir oddvitum sýslunefndanna, að þar til gefnu tilefni í reikningunum úr Dala-, Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslu, að gæta þess, að hreppstjórar vandi sem bezt tilbúning verkfæraskráanna, noti undir þær hin prentuðu eyðublöð, útfylli eyðublöðin nákvæmlega og telji þar alla verkfæra.

Loks leggur amtsráðið reikningshöldurinum fyrir, að ávaxta í sparisjóði, þar sem því verður viðkomið, peningaþtirstöðvar sýslusjóða og sýsluvegasjóða.

21. Nefndin, sem kosin hafði verið til að athuga fyrirspurn landbúnaðarfelagsins, lagði það til, að sameinað alþingi kysi 6 af fulltrúum amtsráðanna til

80. búnaðarþingsins og stjórnarráðið 2, ef amtsráðin verða lögð niður. Amtsráðið 8. júní fjellst á tillögu þessa í einu hljóði.
22. Þá kaus amtsráðið Jóhann prófast Þorsteinsson í Stafholti fulltrúa á búnaðarþingið til 3 ára í stað J. Havsteens amtmanns, sem genginn er úr amtsráðinu.
23. Þá var aptur lagður fram jafnaðarsjóðsreikningur fyrir 1904 og var hann samþykktur athugasemdalaust.
24. Þá var aptur lagður fram lokareikningur yfir bygging Laxárbrúarinnar með fylgiskjölum og úttekt landsverkfræðingsins. Reikningurinn hafði verið endurskoðaður í hjeradi í júlímánuði f. á., síðan samþykktur í einu hljóði á aukasýslunefndarfundum 15. ágúst s. á., og loks rannsakaður hjer á fuudinum eptir föngum af amtsráðsmönnum Mýrasýslu og Vesturbarðastrandarsýslu. Nefndir amtráðsmenn höfðu athugað, að reikningurinn væri ógreinilega saminn, en með því að sýslunefndin hafði eins og þegar er dregið á samþykkt reikninginn í einu hljóði og reikningshaldari greitt hinar tilvantandi 232 kr. 39 a., úrskurðaði amtsráðið með 5 atkvæðum gegn 1 (amtsráðsmanns Dalasýslu), að við svo búið mætti eptir atvikum standa, enda hafði engin ný kæra komið fram útaf reikninginum.
25. Þá var samin svolátandi

Á æ t l u n
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs 1906.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar	kr. 1166 15	
2. Jafnað niður	— 2600 00	kr. 3766 15

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1300 00	
Par af 300 kr. til forseta.		
2. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. oktbr. 1891 um skipun dýralækna	— 100 00	
3. Amtsbókasafnið	— 400 00	
4. 9. afborgun upp í 12000 kr. bankalán frá 14. nóvbr. 1896, afborgun 600 kr. og vextir til 30. sept. 1906 300 kr.	— 900 00	
5. 5. afborgun uppi 5000 kr. bankalán frá 30. júlí 1900, afborgun 500 kr. og vextir til 30. sept. 1906, 100 kr.	— 600 00	
6. Ýmislegt	— 100 00	
7. Eptirstöðvar	— 366 15	— 3766 15

26. Amtsráðið veitti 25 kr. fyrir skriptir á fundinum og 12 kr. fyrir húsaleigu.
27. Þá var, eptir uppástungu amtsráðsmanns Vesturbarðastrandarsýslu, rætt um

gufubátsferðir um Breiðaflóa og eptir nokkrar umræður samþykkt eptirfarandi tillaga með 4 atkvæðum gegn 3.

80
8. júní

Amtsráðið telur það brýna nauðsyn fyrir hjeruðin í kringum Breiðaflóa, að gufubátur gangi um flóann, en álitur jafnframt gufubátinn »Guðrúnu« gjörsamlega óhæfan til þess, vegna þess hve lítill hann er og laklega útbúinn.

Fleiri mál komu ekki til umræðu, gjörðabók lesin og samþykkt.

Fundi slitið 8. júní.

Lárus H. Bjarnason. Björn Bjarnarson. Sæm. Halldórsson.
Snæbjörn Kristjánsson. Janus Jónsson. Þorvaldur Jakobsson.
Jóhann Þorsteinsson.

Rjetta útskrípt staðfestir

Lárus H. Bjarnason.

Eptirrit.

af gjörðabók amtsráðs Norðuramtsins.

81
13. júní

Ár 1905, þriðjudag 13. júní kl. 11 f. h. var aðalfundur amtsráðsins í Norðuramtinu settur á Akureyri.

Á fundinum mættu, auk hins reglulega forseta, sýslumanns og bæjarfógeta Guðlaugs Guðmundssonar, amtsráðsmennirnir: Björn Sigfússon hreppstjóri á Kornsa fyrir Húnavatnssýslu, Ólafur Briem umboðsmaður á Álfgveirsvöllum fyrir Skagafjarðarsýslu, Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum fyrir Eyjafjarðarsýslu, og Árni Jónsson prófastur á Skútustöðum fyrir Suðurþingeyjarsýslu.

Fundurinn tók til meðferðar þessi málefni:

1. Forseti lagði fram ársreikninga eptirnefndra sjóða fyrir árið 1904, með tilheyrandi fylgiskjölum:
 1. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins
 2. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.
 3. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 4. Þúsundára afmælistjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 5. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 6. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu.
 7. Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.
 8. Bókasafn Norðuramtsins.
- Amtsráðsmennirnir skiptu þessum reikningum með sjer til endurskoðunar.
2. Forseti lagði fram:
 - a. Reikning kirkjunnar á Hólum í Hjaltadal fyrir árið 1904, saminn af kirjuhaldara, fylgiskjalalausan.